

og til frekari birtingar, að jeg að öllu leyti fellst á framangreindar tillögur yðar, eins 107
 og jeg að öllu leyti fellst á allar aðgjörðir yðar og fyrirskipanir, þær er skýrt er frá í 3. septbr.
 ofanefndu brjefi yðar, viðvíkjandi hinum öðrum landssjóðsjörðum, sem eiga pátt í
 jarðabótinni á Staðarbyggðarmýrum, sjerstaklega að því leyti sem þjer hafð samþykkt,
 að í þetta skipti og eptir málavöxtum mætti standa við það, er umbóðsmaðurinn hafði
 leyft hlutaðeigandi leiguliðum að gjöra breytingu þá, er nánar er skýrt frá, á svo nefnd-
 um Bjarkargarði og heybandsbrú við jörðina Ytri-Tjarnir.

Brjef landshöfvingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, um toll af 108
 «Drops». — Með brjefi dags. 27. maí p. á., er hingað hefur borizt beina leið, hefur 3. septbr.
 herra V. Claessen á Saudárkrók borið sig upp undan því, að þjer hafð heimtað af hon-
 um toll af 51 pd. af «Drops» (brjóstykkri) er hann fjekk með skipinu «Thyra» 5. apríl
 p. á., og hefur hann spurzt fyrir um, hvort það mundi heimilt.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að orðið «sykur» í 1. gr. 2. í lögum Nr. 10., 9.
 ág. 1889 eptir almennri merkingu þessa orðs að eins grípur yfir hinar almennu sykur-
 tegundir, hvítasykur, kandíssykur og púðursykur, þá verður ekki án sjerstakrar heimildar
 tollur lagður á «Drops», sem auk sykurs einnig er gjört af öðrum efnum og paraðauki
 er ætlað til alls annars en almennar sykurttegundir.

Ágrip

109

af fundargjörðum amtsráðsins í Vesturamtinu dagana frá 16. til 18. júní 1890.

Ár 1890, hinn 16. júnímán. hjelt amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykk-
 ishólmi, og voru mættir á fundinum: sem forseti ráðsins í fjarveru amtmanns E. Th.
 Jónassens, sem settur amtmaður, yfirdómari Jón Jensson, amtsráðsmaður, sýslunefndar-
 maður Hjálmur Pjetursson og í forföllum amtsráðsmanns, sýslumanns S. E. Sverrisons,
 varaamtsráðsmaður skólastjóri Torfi Bjarnason.

Komu mál þessi fyrir á fundinum:

1. Forseti lagði fram:
 - a. Reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í Vesturamtinu fyrir árið 1889.
 - b. Reikning yfir búnaðarskólagjald í Vesturamtinu 1889.
 - c. Reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins 1889.
 - d. Reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir árið 1889.
 Amtsráðið yfirlór þessa reikninga og þótti ekkert við þá athugasvert.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. úr Mýrasýslu 1888 og 1889. Út af eptirstöðvum hjá hreppnum, samkvæmt
 reikningum þessum, á sýslusjóðsgjaldi, sem við árslok 1889 var 130 kr. 77 a.,
 og sýsluvegagjaldi, sem á sama tíma var 400 kr. 39⁵/₁₀₀ e.; fól amtsráðið forseta
 að ítrega fyrir sýslumanni áminningu ráðsins á fundinum 1888, um að inn-
 heima árlega allt sýslusjóðs- og sýsluvega-gjaldið hjá hreppunum, og beita að
 öðrum kosti þvingunarmedulum við hreppsnefndina. Svo skyldi og forseti skora á

109

sýslumenn, að gjöra tafarlaust gangskör að því að ná inn gjaldi því, sem enn er ógöldið.

- b. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1889.
- c. úr Dalasýslu fyrir sama ár;
- d. úr Barðastrandarsýslu 1888 og Vestur-Barðastrandarsýslu 1889; reikningurinn úr Austur-Barðastrandarsýslu það ár, var ókominn til amtsráðsins.
- e. úr Ísafjarðarsýslu 1889, og
- f. úr Strandasýslu fyrir sama ár.

Við þessa reikninga (b.—f.) fannst ekkert athugavert.

- 3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna :
 - a. úr Mýrasýslu, um fundarhöld 7. maí og 20. desemb. f. á. og 7. maí þ. á.
 - b. úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fund 2.—3. oktbr. f. á. og 5.—7. maí þ. á.
 - c. úr Dalasýslu um fund 25.—26. apríl þ. á.
 - d. úr Barðastrandarsýslu, um fund sýslunefndarinnar í allri sýslunni 29. maí f. á og um fund sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu 30. apríl þ. á.
 - e. úr Ísafjarðarsýslu, um fund sýslunefndarinnar 17. júní f. á. og 11.—15. marz þessa árs.
 - f. úr Strandasýslu, um fund 25.—29. marz þ. á.

Voru eptirrit þessi yfirfarin á fundinum og fann ráðið ekkert athugavert við þau.

- 4. Voru framlögð eptirnefnd bónarbrjef frá búnaðarfjelögum um styrk úr landssjóði, af fje því, sem veitt er til styrks búnaðarfjelögum með 10. gr. C, 4. b. fjárlaganna 1890—1891 :
 - a. frá búnaðarfjelagi syðri hluta Strandasýslu,
 - b. — — — Saurbæjarhrepps,
 - c. — — — Skarðsstrandarhrepps,
 - d. — — — Fellsstrandarhrepps,
 - e. — — — Hvamshrepps,
 - f. — — — Laxárdalshrepps,
 - g. — — — Mýrahrepps,
 - h. — — — Barðastrandarhrepps,
 - i. — — — Rauðasandshrepps,
 - j. — — — Tálknafjarðarhrepps,
 - k. — — — Dalahrepps,
 - l. — jarðabótafjelagi Skógarstrandarhrepps,
 - m. — búnaðarfjelagi Þverárhlíðar- og Norðurárdalshreppa.

Amtsráðið fól forseta sínum, að senda bónarbrjef þessi, sem hlutadeigandi sýslunefndir hafa mælt fram með, til landshöfðingja með meðmælum amtráðsins um, að þau hlytu tiltölulegan styrk við önnur búnaðarfjelög af ofanefndu fje. Sömuleiðis fram kom á fundinum bónarbrjef frá búnaðarfjelagi Hraunhrepps í Mýrasýslu, sem hafði komið til sýslumanns eptir afstaðinn sýslufund í vor, svo og skýrslur um framkvæmdir í búnaðarfjelögum í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholts-hreppum og Helgafellssveit; hafði sýslunefndin í Snæfellsnessýslu ætlað hinum síðastnefndu 3 fjelögum hlutdeild í því fje,

er sýslunefndin hjelt, að hún á þessu fjárhagstímabili, eins og fyr, fengi til umráða af fjönu til eflingar búnaði. Vill amtsráðið mæla með því, að nefnd 4 fjelög fái einnig að njóta styrks af búnaðarfjelagaveitingunni, þó að formleg meðmæli sýslunefnda til þess vanti.

5. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Dalasýslu var samþykkt, að eptirleiðis skyldi yfirsetukvenna-hjeruðum í Dalasýslu skipað þannig:
 1. hjerað nái yfir: Hördudalshrepp og Miðdalshrepp.
 2. — — —: Haukadalshrepp og Laxárdalshrepp.
 3. — — —: Hvammshrepp og Fellsstrandahrepp út að Skógum, að þeim bæ meðtöldum.
 4. — — —: Staðarfelli að Ballará, að þeim bæjum báðum meðtöldum.
 5. — — —: yfir Skarðs-, Staðarhóls- og Hvolssóknir, sem hingað til hefur verið 4. umdæmi sýslunnar.
6. Var lagt fram brjef frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem hann út af ágreiningi þar að lútandi milli sýslunefndanna í Dalasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, beiðist álits og úrskurðar amtsráðsins um, hvort veginn yfir Raudamelsheiði beri að skoða sem fjallveg eða sýsluveg eptir lögum 10. nóvbr. 1887. Amtsráðið fól forseta, að tjá sýslumanni, að hinn umræddi vegur hefði eigi verið settur í tölu sýsluvega.
7. Fram kom brjef frá sýslunefndarmanni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sjera Árna Þórarinssyni í Miklaholti, þar sem hann beiðist þess, að amtsráðið breyti ákvæðum sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, er hún gjörði á fundi 1887, samkvæmt lögum 19. febr. 1886, um friðun á laxi, 1. gr., viðvíkjandi því, hvenær veiði á laxi skuli byrja og enda á ári hverju í sýslunni. Amtsráðið áleit, að mál þetta heyrði undir fullnaðarúrslit sýslunefndarinnar, og gæti því amtsráðið eigi breytt ákvæðum hennar í því efni, enda voru engar upplýsingar framkomnar fyrir því, að ákvæði sýslunefndarinnar væru óhagkvæm eða skadleg.

Hins vegar vill amtsráðið benda hlutadeigandi sýslunefndum (í Snæfellsness og Hnappadalssýslu og í Mýrasýslu) á, að það virðist sjálfsagt, að veiðitíminn í Hítará sje ákveðinn hinn sami báðum megin árinna.
8. Var framlagt brjef frá yfirsetukonu Þórdísi Guðmundsdóttur á Vatneyri, þar sem hún kærir yfir neitun sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu, um að greiða henni laun fyrir árið 1887—88. Með því að nefnd yfirsetukona ekki hafði verið sett eða skipað yfirsetukona greint ár, áleit amtsráðið neitun sýslunefndarinnar á rjettum rökum byggða.
9. Framkom beiðni frá sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, frá fundi hennar ar í f. m., um að gjört yrði sem allra fyrst við fjallveginn yfir Raudamelsheiði á kostnað landssjóðs, og var ákveðið, að beiðni þessi skyldi send landshöfðingja með meðmælum ráðsins.
10. Bónarbrjefi um auknar póstgöngur í Vestur-Barðastrandarsýslu var veitt meðmæli amtsráðsins, og skyldi það sent landshöfðingja, sem það var stílað til.
11. Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík var ákveðið, að veita nefndum skóla 100 króna styrk úr jafnaðarsjóði amtsins fyrir yfirstandandi ár, eins og að undanfögnu.

- 109 12. Var framlagt brjef landshöfðingjans yfir Íslandi til amtsráðsins, dags. 3. jan. p. á., þar sem hann, með skírskotun til 60. gr. í tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, æskir álits amtsráðsins um það, hvort ekki sje ástæða til að útvega heimild til þess, að Ísafjarðarkaupstaður greiði ekki framvegis neitt jafnaðarsjóðsgjald, en taki að sjer þau útgjöld, sem hingað til kynnu að hafa verið goldin fyrir hann úr jafnaðarsjóðnum. Amtráðið ljet í ljósi það álit sitt, að eðlilegast væri, að sama regla gilti í þessu efni um kaupstaðinn Ísafjörð sem um Reykjavík.
13. Forseti skýrði ráðinu frá, að amtmaður hefði fyrir hönd amtsráðsins heitið meðgjöf með heyrnar- og mállausri stúlku, Guðrúnu Kirstjánsdóttur frá Hofsstöðum í Stafholtstungum fyrir síðastliðinn vetur, allt að 100 kr., ef henni væri komið fyrir á góðu og vönduðu heimili til að læra þar það, sem föng væru á, þar á meðal alla sveitavinnu, er kvenmenn venjulega læra, og sömuleiðis hefði amtmaður lofað 80—100 kr. meðgjöf úr jafnaðarsjóðnum, fyrir sama tíma og í sama skyni, með heyrnar- og málleysingjanum Jónínu Guðmundínu Jóhannsdóttur úr Kaldrananeshreppi í Strandasýslu. Amtráðið samþykkti að greindar meðgjafir væru greiddar úr jafnaðarsjóðnum í þetta sinn.
14. Var framlagt brjef frá sýslumanni Ísafjarðarsýslu, dags. 22. marz p. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefndin þar hafi ályktað að veita allt að 2000 kr. til að leggja málþráð (telefon) frá Ísafirði til Bolungarvíkur, og beiddist fyrir nefndarinnar hönd samþykkis til að taka fje þetta af sýsluvegagjaldi sýslunnar, sem lagt hefur verið upp hin síðustu ár í því skyni að nota það til eflingar gufubátsferða, sem nú muni mega telja víst að komist á, án þess til fjár þessa purfi að taka. (Frh.).

110

Auglýsing

um póstmál.

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir, að á verzlunarstaðnum Sauðárkrók skuli vera póstaðgreiðsla í stað brjefhirðingar þeirrar, er þar hefur áður verið.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Reykjavík 3. septbr. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN o. fl.

30. ágúst skipaði biskup eptirnefnda presta, er allir höfðu um hríð gegnt prófastsstörfum sem settir, til að vera prófasta í prófastsdæmum þeim er hjer segir:

Sjera *Sigurð Gunnarsson* að Valþjófsstað í *Norður-Múla*prófastsdæmi.

Sjera *Zophónías Halldórsson* að Viðvík í *Skagafjarðar*prófastsdæmi.

Sjera *Kjartan Einarsson* að Holti í *Rangárvallaprófastsdæmi* og

Sjera *Árna Jónsson* að Skútustöðum í *Suður-Þingeyjar*prófastsdæmi.

13. septbr. var landritari *Hannes Hafstein* settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn að gegna málfærslumannsstörfum við landsyfirrjettinn ásamt sínu eigin embætti.

Ágrip

109

af fundargjörðum amtsráðsins í Vesturamtinu dagana frá 16. til 18. júní 1890.

(Framh.)

(Framh.)

Amtsráðið áleit, að það gæti eigi samrýmt ákvæðum vegalaganna, að sýsluvegagjaldi sýslunnur væri varið til ofangreinds augnamiðs, og gat því eigi veitt hið umbeðna samþykki; en þar sem það virðist mega ráða af bræfi sýslumannsins, að sýslunefndin hafi viljað kosta fyrirtækið úr sýslusjóði, ef eigi mætti taka til sýsluvegagjaldsins til þess, vill amtsráðið lýsa því yfir, að það vill veita samþykki til þess að sýslan taki lán, að upphæð 2000 kr., í þessu skyni, er afborgist á eigi lengri tíma en 10—20 árum af sýslusjóði, ef sýslunefndin vill taka slíkt lán.

15. Var framlagt brjef frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 31. f. m., þar sem hann, fyrir hönd sýslunefndarinnar, fer fram á, að veitt verði fje til þess úr jafnaðarsjóði, að kosta ferð hjeraðslæknisins í Stykkishólmi á þessu sumri umhverfis Snæfellsjökul, til þess að gefa mönnum kost á að leita ráða hjá honum og fá leiðbeiningar hans í sjúkdómstilfellum og því, er heilbrigði manna viðvíkur, og bæta með þessu úr hinum tilfinnanlega læknaskorti þar.

Amtsráðið álitur að yfir höfuð beri það undir landsstjórnina og landssjóðinn að kosta slíkar ferðir, sem hjer ræðir um, og sem miða til að bæta úr of dreifðri lækna-skipun, en þar sem búast má við, að influença-veikin komi í hjerað þetta í sumar eða haust, og það þá er mjög áriðandi, að sjá sem mest við því, að hún verði skæðari fyrir það, að nauðsynlega læknishjálpi vanti, vill amtsráðið, vegna fátæktar sveita þeirra, er hjer eiga hlut að máli, fallast á, að greiddur verði úr jafnaðarsjóði kostnaður við ferð hjeraðslæknisins í Stykkishólmi í sumar eða haust umhverfis Jökulinn, ef influença-veikin kemur þangað á þeim tíma, til þess að hjálpa mönnum með ráðum og leiðbeiningum, og ber þá hjeraðslækni að fara ferðina á þeim tíma, sem hann ætlar að hagkvæmastur sje, og yfir höfuð haga ferðinni þannig, að hún komi að sem mestum notum til að fyrirbyggja skaðlegar og hættulegar afleiðingar af sýkinni.

16. Ólafsdalsskólinn:

Ákveðið var að verja til skólans á þessu ári þannig:

1. Meðgjöf með 5 piltum í eldri deild og 3 í yngri deild, resp. 150 kr. og 250 kr. handa hverjum	1500 kr.
2. Til verkfærakaupa og viðhalds þeirra	150 —
3. Til prófdómenda	40 —
4. Laun handa forstöðumanni skólans	800 —
5. Laun handa aukakennara	350 —
6. Til bókakaupa og kennsluáhalda	100 —
7. Vextir og afborgun af bankaláni	150 —
8. Til Torfa Bjarnasonar skólastjóra, eptirstöðvar af kostnaði við húsa- byggingar til skólans	570 —
	Samtals 3660 —

og skyldi til þessa ganga:

1. Óeyddur meðlagsstyrkur veittur fyrir pilt í yngri deild f. á.	250 —
2. Búnaðarskólagjald amtsins þ. á. c.	630 —

27. dag september-mán. 1890.

yt: 880 —

109
(framh.)

3. Af vöxtum búnaðarskólasjóðs amtsins	Flutt 880 kr.
4. Styrkur úr landssjóði þ. á.	280 —
	2500 —
	<u>Samtals 3660 —</u>

17. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1891:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	1000 —
2. Niðurjöfnun	1350 —
	<u>Samtals 2350 —</u>

Gjöld:

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	350 —
2. Til kennslu heyrnar- og málleysingja	300 —
3. Kostnaður við amtsráðið	300 —
4. Ferðakostnaður	150 —
5. Ýmisleg gjöld	250 —
6. Eptirstöðvar	1000 —
	<u>Samtals 2350 —</u>

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið, eptir að hann hafði staðið dagana 16., 17., og 18. júním.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 6. septbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

III

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 27. til 30. júní 1890.

Ár 1890 h. 27. júní átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru: hinn setti amtmaður í Suðuramtinu, assessor Jón Jenson, og amtsráðsmennirnir Ísleifur prestur Gíslason á Arnarbæli og Þorlákur alþingismaður Guðmundsson í Hvammkoti.

Neðanefnd mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1889. Við 7. gjaldlið þessa reiknings (»ýmislegur kostnaður«) athugast, að þar eru meðal annars taldar borgaðar úr jafnaðarsjóði 91 kr. 54 a., nfl. helmingur af gamalli skuld, leiðandi af fjárkláðanum, sem Borgarfjarðarsýsla hefur verið krafín um af landssjóði. Þótt amtsráðið álíti þessa skuld óviðkomandi jafnaðarsjóðnum, vill það samþykkja þessa útborgun með því skilyrði, að hinn helmingurinn verði mótmælalaust greiddur af sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, svo að skuldinni sje þar með lokið.
2. Forseti lagði enn fremur fram reikninga: 1) yfir búnaðarskólagjald í Suðuramtinu 1889 og 2) yfir leigulíðasjóð Suðuramtsins s. á.; voru þeir yfir farnir og fannst ekkert athugavert við þá.
3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. úr Austur-Skaptafellsýslu 1889.